


# FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 31. ágúst 2017 | 30. töl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is) öflugur fréttavefur

*Jon Arilúss*  
**KÖKULIST**



Treystu mér fyrir veislunni!

[www.kokulist.is](http://www.kokulist.is)  
Firði • sími 555 6655



Vantar allar gerðir eigna á söluskrá!

Hafið samband við sölumenn okkar.

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • [www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)  
Stofnuð 1983

  
-stöðin

**TAXI**  
Hafnfirski leigubílastöðin

**520 1212**



Hádegisréttir og helgarbröns

MATHÚS BAR  
**VON**  
Strandgata 75 | 583 6000 | [vonmathus.is](http://vonmathus.is)

## Glöð börn í nýjum Skarðshlíðarskóla

Skólustarf fyrsta árið í Ástjarnarkirkju og lausum stofum

Skólustarf er hafið í skólum augum barnanna, ekki síst nýja Skarðshlíðarskóla sem bæjarins og hún leynir sér yngstu nemendanna. Það átti fyrsta árið stunda nám í nýrri ekki gleðin sem skín úr ekki síst við nemendur hins Ástjarnarkirkju og útihúsum.



Glaðir ungir nemendur Skarðshlíðarskóla í nýjum leiktækjum við Ástjarnarkirkju.

  
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17  
Sími: 520 2600  
Opíð virka daga kl. 9-17  
[as@as.is](mailto:as@as.is)  
[www.as.is](http://www.as.is)

**Burger\*inn**



Sími: 555 7030  
[www.burgerinn.is](http://www.burgerinn.is)

 **HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

**HEFST Á FIMMTUDAGINN**

**ÚTSALA**

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR



HREINLÆTISTÆKI 25-40% • STIGAR OG TRÖPPUR 25% • GARDVERKÆRI 30% • BLACK & DECKER RAFMAGNSVERKÆRI 30% • PARKET OG FYLGJHLUTIR 30-45% • VERKÆRATÖSKUR 30% • HILLUREKKAR 30% • LOFTPRESSUR 30% • HÁÞRÝSTIDÆLUR 30% • HNIÐAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • MATARSTELL OG GLÖS 30% • POTTAR OG PÖNNUR 30% • BÖKUNARVÖRUR 20% • HREINLÆTISVÖRUR 25% • PLASTKÖRFUR OG BOX 25% • STRAUBRETTI 25% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20% • NORDLUX LJÓS 70% • CADAC FERDAGRILL 40% • BROIL KING GRILL 25% • GRILLÁHÖLD BROIL KING / GRILLPRO 35% • GARDHÚSGÖGN 35% • FERÐAHÚSGÖGN 35% • FERÐAVÖRUR 40% • GARBLEIKFÖNG 40% • FLÍSAR 30% • INNIHURDIR JELD-WEN 25-40% • LOFT-OG VEGGPIJLUR 20% • ELDAVÉLAR 20% • ÖFNAR 20% • HELLUBORB 20% • HÁFAR OG VIFTUR 20% • ELECTROLUX SMÁRAFTAÆKI 30% • ELECTROLUX RYKSUGUR 30% • POTTAPLÖNTUR 20-50% • GJAFAVARA 20-50% • KERTI 20% • LUKTIR 20% • GARBÁLFAR 50% • VALDAR ÞVOTTAVÉLAR OG FRYSTIKISTUR Á FRÁBÆRU VERÐI • ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Þín verslun í Hafnarfirði

Byggjum á betra verði

**VEFVERSLUN**  
SENDUM FRÍTT UM LAND ALLT Á HUSA.IS  
EY VERSLAB ER FYRR 5.990 KR. EBA MEIRA

# FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarahúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandsþóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarahúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 3. september

## Hausthátíð Ástjarnarkirkju í nýju kirkjunni kl. 11

Sr. Pétur Þorsteinsson galdraprestur kemur í heimsókn og sýnir ýmsa töfra.

Starfið í öllum greinum kynnt. Tekið verður á móti skráningum.

Grill og skemmtilegt samfélag á eftir.

Allt starf hefst í vikunni á eftir

Barna og unglíngastarfið verður á mánudögum.

Kirkjukórinn æfir á þriðjudögum

Starf eldri borgara hefst miðvikudaginn 6. september kl. 13:30

Barnakórinn æfir á fimmtudögum

Sunnudagaskólinn verður kl. 11:00 á sunnudögum



www.astjarnarkirkja.is

## Íþróttasalurinn tilbúinn í febrúar



Lýðm.: Guðni Gíslason

Allt gengur skv. áætlun við byggingu nýs íþróttahúss að Ásvöllum að sögn Magnúsar Gunnarssonar framkvæmdastjóra Hauka. Þakvirkid er á leið til landsins og vonast er eftir að þakið verði komið á í lok september. Reiknar Magnús með að salurinn verði tekinn í notkun í febrúar skv. áætlun.

## Leiðarinn



Hafnarfjarðarbær skartar einu fallegasta bæjarstæði landsins. Liggur að einni bestu höfn landsins frá náttúrunnar hendi, nýtur skjóls af hrjóstugu hrauninu þar sem birki og reynviður bómstrar og sem betur fer hefur svo víða tekist að halda miklu af hrauninu ósnortnu að mestu og því eru náttúruleg og græn svæði eitt af sérkennum Hafnarfjarðar. Víða erlendis eru slík græn svæði verðmetin hærra en dýrustu byggingarlóðir og engum dettur í hug að ganga á þau svæði til þess að geta þetta byggð.

Hér hafa menn í misskildri baráttu við að þetta byggð ráðist á slík græn svæði, jafnvel hverfisvernduð svæði og ekki hikað að ganga gegn gildandi aðalskipulagi í baráttu sinni við að troða fleiri húsum á þessi svæði. Umhverfisvernd verður ekki til nema með viðhorfsbreytingu og á meðan bilaeign Íslendinga verður eins mikil og hún er græðum við lítið á að þetta byggðina. Við þurfum alltaf plássið fyrir einkabilinn og meiri akstur í íbúðarhverfum skerðir gæði viðkomandi hverfis.

Sem betur fer falla íbúar ekki fyrir fögrum orðum stjórnáráðgjafanna og oft næst að hindra áform þeirra þegar þeir ætla að ganga á græn svæði. Það gerðist m.a. á Jófríðarstöðum þar sem mótmæli íbúanna urðu til þess að byggingaráform voru lögð á hilluna. Það hefur líka gerst þegar menn hafa ætlað að byggja á Óla Runstúni en nú gerist það að eftir að hafa nýlega samþykkt aðalskipulag sem gerir ráð fyrir almenningsgarði á túninu þá ráðast menn aftur á þetta sögufræga tún. Er stjórnáráðgjafnum alveg sama um grænu svæðin í bænum? Finnst þeim þau vera of mörg? Af hverju standa þeir ekki upp og segja það? Nú líður að kosningum og því tilvalið að þeir sem ætla að bjóða sig fram segi sínar skoðanir.

Enginn hefur áhuga á að kjósa skoðanalaua frambjóðendur eða þá sem ekki tala skýrt og lýsa sinni afstöðu. Verndum græn svæði í bænum!

Guðni Gíslason ritstjóri.

## Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktisimar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



## Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 3. september

Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson  
Kaffihressing á eftir.

www.vidistadakirkja.is

## Fríkirkjan í Hafnarfirði

Sunnudagur 3. september:

Sunnudagaskólinn kl. 11

Kvöldmessa kl. 20

Barnastarf Fríkirkjunnar hefst 3. september

Sunnudagaskólinn á sunnudögum kl. 11

Foreldramorgnar á miðvikudögum kl. 10-12

„Foreldramorgnar í Fríkirkjunni í Hafnarfirði“

Kríasálmar á fimmtudögum kl. 10:30

„Kríasálmar í Fríkirkjunni í Hafnarfirði“

Krílakór yngri 2ja og 3ja ára á miðvikudögum kl. 16:30

Krílakór eldri 4ra og 5 ára á miðvikudögum kl. 17:00

„Krílakórar Fríkirkjunnar í Hafnarfirði“

Barnakór 6-8 ára á mánudögum kl. 16:30

„Barnakór Fríkirkjunnar í Hafnarfirði“

Þá viljum við minna á Prjónagleði Fríkirkjunnar annan hvern þriðjudag kl. 19:30 - hefst 12. september.

„Prjónageði Fríkirkjunnar í Hafnarfirði“

Upplýsingar og skráning:

Erna Blöndal erna@frikirkja.is s. 897 2637

Allir velkomnir

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



# Spennandi dansnám

## Börn

- Ballett
- Barnadansar
- Djasdans
- Silki
- Hip hop
- Söngleikjadans **NÝTT**
- Sirkusnámskeið yngri **NÝTT**



## Unglingar

- Ballett
- Djasdans
- Nútímadans
- Sirkusnámskeið eldri **NÝTT**
- Silki
- Söngleikjadans **NÝTT**
- Þrek og teygjur **NÝTT**
- Sýningarhópur **NÝTT**



## Móðir & Barn

- Stimulastik 2-12 mán.
- Barnaglans 12-24 mán.

Glæsileg jólasýning



LISTDANSSKÓLI  
HAFNARFJARÐAR



Skráning og allar nánari upplýsingar  
eru á [listdansskoli.is](http://listdansskoli.is)

Bæjarhraun 2 • 3 hæð • [www.listdansskoli.is](http://www.listdansskoli.is) • S:894 0577

# Færeyjar út úr þokunni

Ný bók eftir Þorgrím Gestsson

Út er komin bókin Færeyjar út úr þokunni – frá fornsögum til okkar tíma eftir Þorgrím Gestsson. Þetta er þriðja bók höfundar sem byggð er á ferðum hans um slóðir fornsagna í öðrum löndum. Fyrri bækur um þetta efni eru Ferð um fornar sögur – Noregsferð í fötspor Snorra Sturlusonar (2003) og Í kjölfar jarla og konunga – ferð um fornsagnaslóðir Orkneyja og Hjaltlands (2014).



Þorgrímur Gestsson

menningar við erfiðar aðstæður undir valdi Danakonungs, hvernig færeyskir menntamenn endurskópu færeyskt ritmál á 19. öld og hófu blaða- og bókaútgáfu. Lýst er hvernig Færeyingar lögðu grundvöll að sjálfstæðum sjávarútvegi og pólitísku flokkakerfi, óháð Dönnum, og sagt frá deilumálinu endalausa: Áframhaldandi sambandi við Dani eða algerum sambands-

slitum.



Í þetta sinn fór hann um Færeyjar með Færeyinga sögu í farteskinu og kannaði tengsl þessara 18 Atlantshafseyja við söguna að fornu og nýju. Í Færeyinga sögu, sem talið er að hafi verið skrifuð á Íslandi um 1200, segir frá valdabaráttu og örlögum færeyskra höfðingja og því hvernig Noregskonungur náði að lokum tangarhaldi á eyjunum og lét kristna þær. Eftir það hurfu Færeyjar út í þoku tímans og fást er um heimildir um sögu lands og þjóðar lengi vel.

En ýmsar heimildir leynast þó hér og hvar um það sem gerðist þessar þokulögðu aldir, og í bókinni er meðal annars sagt frá endurreisn færeyskrar

# Í minningu barnabarns

Sögur af Týra og Bimbó

Ástriður Sólrún Grímsdóttir hefur gefið út bókina Nú erum við í ljótum málum – sögur af Týra og Bimbó.

Bókin segir frá hundum sem lenda í ýmsum ævintýrum en sögunar hjó Ástriður fyrst til fyrir dótturdóttur sína og nöfnu Ástriði Rán þegar hún var að reyna að koma mat ofan í hana. Eftir það fór hún að biðja um fleiri sögur, allt þar til hún var orðin 7-8 ára gömul.

og stundaði íþróttir en það breyttist skyndilega þegar hún var á fjórtánda ári.

Ástriður Sólrún myndskreytir bókina sjálf með afstrakt myndum sem eiga að gefa ímyndunarafl lesandans lausan tauminn.

Sögurnar eru sextán talsins og tengjast hverri annari þó þær séu sjálfstæðar. Þær eru um hunda sem voru raunverulega til á Kjalarnesi og segja frá ævintýrum þeirra.

Vonast Ástriður að börn eigi eftir að njóta uppátækjanna hjá Týru og Bimbó en allur ágóði af sölu bókarinnar fer til styrktar hjálparamtökum sem huga að ungu fólki. Segir hún það aðeins verða dropi í hafið en hún telur að það þurfi mikið til að hjálpa ungu fólki sem komið er í vandræði vegna fíkniefnanotkunar og allt of lítið sé til af úrræðum. Segist hún sakna Götusmiðjunnar en telur Krýsuvíkursamtökin gríðarlega mikilvæg en úrræðin séu allt of fá. Þessu vilji hún breyta og telur að hugarfarsbreytingu þurfi hjá yfirvöldum.

**HÆGT AÐ KAUPA Á FACEBOOK**

Ástriður gefur bókina sjálf út og ennþá er aðeins hægt að panta hana á Facebook síðunni Týri og Bimbó.



Bókakápan sem ef vel er að gáð sýnir hundsandlit.

Ástriður Rán lést 12. september 2014, aðeins 22 ára gömul eftir erfiða baráttu við fíkniefni og er bókinn gefinn út í minningu hennar. Hún ólst upp í Hafnarfirði, var duglegur námsmaður

# Hvar eru hjólaleiðirnar?

Heilu fjölskyldurnar hjóla á Reykjnesbraut



Engar augljósar hjólaleiðir eru í gegnum Hafnarfjörð.

Fjölgum hjólreiðamanna hefur verið mikil á síðustu árum, ekki síst ferðamanna sem hjóla með allan sinn farangur. Sjást þeir oft á leið til og frá Keflavíkurflugvelli hjólandi á umferðarþungri Reykjanesbrautinni í gegnum Hafnarfjörð.

Lesandi sem sendi inn meðfylgjandi mynd hafði áhyggjur af því að fólk væri að hjóla á Reykjanesbrautinni í gegnum Hafnarfjörð þar sem væri gríðarleg umferð og oft hröð. Víða væru engar vegaxlir og hjólreiðafólkið væri því hjólandi á annarri akreininni, jafnvel með börnin sín hjólandi þar líka.

**HVAR ERU HJÓLALÉIÐIRNAR OG ERU ÞÆR NÆGILEGA MERKTAR?**

Á síðasta ári voru settar upp ýmsar merkingar fyrir hjólreiðafólk en skiltin eru lítil og greinilegt að ferðamennirnar annaðhvort sjá ekki þessi merki eða fara ekki eftir þeim.

*Sjást og skiljast þessi merki?*



Litjám: Guðni Gíslason

**Holt í hádegini í Bike Cave Hafnarborg alla virka daga 11-14**

**MEXÍKÓ SALAT EÐA SIXPACK SALAT**

**á aðeins 1.795 krónur**



**BIKE CAVE**

**Sjáumst!**

Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22  
www.bikecave.is • sími 571 3144 • Erum á Facebook



Svona er þetta  
með Lenovo!



Verð frá 74.900 kr.

Lenovo™



# Tillaga að stórbyggingu við höfnina

Tæplega 21 metra háar byggingar – lítill hluti fyrir Hafrannsóknarstofnun



Eignarhaldsfélagið Fornubúðir 5 hefur kynnt fyrir byggingaryfirvöldum í Hafnarfirði forteikningar að stórbyggingu sem mun rísa utan um Fornubúðir 5, stórhýsið með bogapakinu sem er nokkuð áberandi á hafnarsvæðinu.

Til að hægt væri að bjóða Hafrannsóknarstofnun upp á húsnæði á hentugum stað í bænum voru samþykktar breytingar á deiliskipulagi svo hægt væri að byggja stærra hús austan við núverandi hús en fyrra deiliskipulag leyfði. Einnig var veitt heimild fyrir enn meiri stækkun á byggingarreitnum og heimilað að byggja norðan við núverandi hús. Heimilið var að byggja allt að 5 hæða skrifstofuhús allt að 18,5 m háu með áskýldu uppbroti í þakfleti. Heilarhæð gæti því orðið allt að 22 m.

Skv. deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir byggingu 6.000 m<sup>2</sup> húsnæði í 1. áfanga og 8.000 m<sup>2</sup> samtals í 2. og 3. áfanga.

Ásýnd að nýju stórhýsi við Fornubúðið, syðstu (l.t.v.) hlutarnir eru ætlaðir Hafrannsóknarstofnun.



Skýringarmyndin sýnir húsnæði Hafrannsóknarstofnunar; 1. áfanga í byggingu hins nýja húss við Fornubúðið.

Skýringarteikningar með deiliskipulagsbreytingunni gerðu ráð fyrir því að húsinu væri skipt upp í fleiri einingar og að þakhalli yrði meiri en nýjar forteikningar gera ráð fyrir að rishæðir lækki og þök verði flatari og heildarhæð verði 20,8 m í stað 22 m. Núverandi hús er 12,2 m á hæð.



1. áfanginn, húsnæði Hafrannsóknarstofnunar og „SÍF skemman“.

## Frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Getum bætt við nemendum í söngnám og á 6 vikna söngnámskeið.

- Fyrra námskeiðið er frá 11. september til 22. október
- Seinna námskeiðið er frá 23. október til 3. desember

Getum einnig bætt við nemendum í harmónikkunám

Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu skólans í síma 555 2704 eða með tölvupósti tonhaf@tonhaf.is



Tónlistarskóli  
Hafnarfjarðar



Ásýnd fullbúinnar byggingar, það sem snýr að Norðurbakka er til hægri.




Suðurhluti byggingarinnar; eldra húsnæðið til vinstri.



# Gatnamótin tilbúin 1. nóvember nk.?

Verður gríðarleg bylting fyrir íbúa Valla og starfsfólk á iðnaðarsvæðunum




Unnið er við gerð mislægra vegamóta á mótum Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar auk allra vega og stígagerðar sem nauðsynleg er til að ljúka gerð vegaframkvæmdanna endanlega. Til

framkvæmdanna teljast einnig breytingar á Krýsuvíkurvegi, gerð tengivegar að Suðurbraut og tengivegar að Selhelli. Einnig er innifalinn gerð göngu- og hjólastígs meðfram Suðurbrautar-

tengingu og hraðatakmarkandi aðgerðir á Suðurbraut. Þá er gerð hljóðmana við Reykjanesbraut og í Hellnahverfi hluti verksins. Verktakafyrirtækin Loftorka og Suðurverk vinna verkið og á því skv.

samningi að vera lokið 1. nóvember nk. Heildarkostnaður við verkið er eitthvað á annan milljarð króna. Munu gatnamótin leysa úr brýnni þörf á bættu aðgengi að hverfunum á svæðinu.



**BADMINTONFÉLAG  
HAFNARFJARÐAR**

Æfingar hefjast 4. september.  
Badminton fyrir alla aldurshópa  
[www.badmintonfelag.is](http://www.badmintonfelag.is)



# Virkt eftirlit með tóbakssölu

Reglubundið tóbakseftirlit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis er að jafnaði tvisvar á ári og tilfallandi eftirlit þess á milli. Á tímabilinu 23. maí til 19. júlí 2017 var farið í reglubundið eftirlit á 47 skráða sölustaði. Af þeim aðilum höfðu tveir hætt rekstri og 1 staður ekki byrjaður að selja tóbak þrátt fyrir að hafa til þess tóbakssöluleyfi og var því um að ræða 44 virka sölustaði.

Frá árinu 2007 til ársins 2017 hefur sölustöðum tóbaks á eftirlitssvæðinu fækkað úr 70 í 44, eða um tæp 40%, að þeim frátöldum sem ekki selja tóbak þrátt fyrir að hafa leyfi

## SÝNILEIKI TÓBAKS

Samkvæmt niðurstöðum eftirlits var tóbak sýnilegt á 4 stöðum, eða í 9% tilvika.

Reykfæri voru sýnileg á 8 sölustöðum, eða í 18% tilfella. Breytingin hefur því verið svipuð og með sýnileika tóbaks en við eftirlit á árunum 2014-2017 hafa reykfæri verið sýnileg á 6 til 15 sölustöðum, sjá mynd 8. Við eftirlit kom fram að í nokkrum tilfellum höfðu söluaðilar hætt útstillingu reykfæra á borðum og fært þau niður í skúffur eftir ábendingar um frávík. Því er ljóst að virkt tóbakseftirlit er mikilvægt.

## ALDUR STARFSFÓLKS

Á 9 sölustöðum voru ungmenni þ.e. yngri en 18 ára látin hafa aðkomu að sölu tóbaks eða í 20% tilvika. Í einu tilviki var um að ræða beina aðkomu þ.e. starfsmaður yngri en 18 ára afgreiddi sjálfur tóbak og gerði heilbrigðiseftirlitið við það alvarlega athugasemd. Í hinum var um að ræða óbeina aðkomu, þar sem starfsmaður yngri en 18 ára var við afgreiðslu þar sem tóbak var afgreitt og ætlast til þess að hann bæri sjálfur ábyrgð á því að selja ekki tóbak til viðskiptavina

Skilti með upplýsingum um aldurstakmarks við tóbakssölu vantaði á 7 sölustöðum, eða í 16% tilvika, og var óbreytt frá fyrra eftirliti árið 2017.

# Vilja að íbúðarlána-sjóður dragi uppsagnir til baka


Fjölskylduráð Hafnarfjarðar áréttaði á fundi sínum í síðustu viku mikilvægi þess að Íbúðalánasjóður dragi til baka allar uppsagnir á leiguíbúðum í eigu sjóðsins í Hafnarfirði. Þessar íbúðir verði ekki seldar a.m.k. næstu þrjú árin og staðan á markaðnum aftur metin þá.

Í bréfi sem bæjarstjóri hefur ritað Hermanni Jónassyni hjá Íbúðalánasjóði með afrit á félags- og jafnréttismálaráðherra segir m.a.:

„Undanfarna daga hefur heimsóknunum fólks til mín, sem er nánast á götunni eða er um það bil að missa húsnæðið, fjölgað verulega. Ég verð var við að þetta er ekki sami hópur og hefur leitað áður til bæjarins vegna vöntunar á húsnæði og hefur fallið undir þann hóp að geta sótt um félagslegt húsnæði.“

Í lok bréfsins segir eftirfarandi: „Það er skoðun undirritaðs að margt hefði mátt gera öðruvísi varðandi afleiðingar af hrununni í íbúðamálum. Fram hefur komið að í kjölfari hrunsins hafi Íbúðalánasjóður yfirtekið um 3.500 íbúðir sem settar hafa verið í endursölu (hef fyrirvara á þessari tölu). Ef það er rétt er ljóst að töluverður fjöldi fjölskyldna hefur misst húsnæði sitt, hópur sem hefur að stórum hluta þurft að leita á leigumarkaðinn. Vegna þess ófremdarástands sem myndast hefur m.a. vegna þessa eru ríki og sveitarfélög samtals nú að leggja til 30% af stofnkostnaði við kaup eða byggingu leiguíbúða fyrir þetta sama fólk. Hefði komið til greina að nota þessa fjármuni til að lækka skuldir þessa fólks þannig að það hefði getað búið áfram í sínu eigin húsnæði. Það skal viðurkennt að oft er gott að koma með svona efir á skýringar. Það er mat okkar hér í Hafnarfirði að nú hafi skapast ófremdarástand í húsnæðismálum en gera meg ráð fyrir að úr muni leysast a.m.k. að einhverju leyti innan þriggja til fjögurra ára.“

# Hús fyrir nýjan flughermi rís á Flugvöllum



Enn vaxa umsvif Icelandair og dótturfyrirtækja á Flugvöllum og brátt kemur nýr flughermir í húsið.

## Viltu vita hvers virði eignin þín er?

**RE/MAX®**  
**FJÖRÐUR**

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

## Frítt verðmat!

**Páll B. Guðmundsson**

Löggiltur fasteignasali

861 9300, pallb@remax.is





# FH varð Hafnarfjarðarmeistari í handbolta karla

FH og Haukar skildu jöfn í hörku lokaleik Hafnarfjarðarmótsins í handbolta karla

Brátt fer handknattleiksvertíðin af stað og sem hluti af undirbúningi fyrir mótið er hið árlega Hafnarfjarðarmót sem haldið er í íþróttahúsinu við Strandgötu.

Þar kepptu FH, Haukar, Valur og Afturelding.

## Í LOKALEIK MÓTSINS MÆTTUST FH OG HAUKAR

FH hafði yfirhöndina í fyrri hálfleik og leiddu þeir leikinn með tveimur mörkum inn í seinni hálfleik, staðan 14-14. Haukar tóku völdin í seinni hálfleik. Haukar náðu þriggja marka forskoti í kringum miðjan seinni hálfleikinn og héldu forskotinu þangað til að þrjár mínútur voru eftir. FH-ingum náðu að jafna leikinn á 57. mínútu og náðu tveggja marka forystu þegar tæp mínúta var eftir. Haukar minnkuðu muninn niður í eitt mark og FH stillti í langa sókn. Sóknin varð of löng og dæmdi dómariinn leiktöf. Haukar brunuðu í sókn og komu skoti á mark sem Ágúst Elí varði en boltinn endaði



Hart var tekist á og hugtakið maður á mann varð hálf hljómlítið.



Ljóm.: Vignir Guðnason

hjá leikmanni Hauka og náði hann lokaskoti á seinustu sekúndunni sem endaði inni í markinu. Leiknum lauk 25-25.

FH varð Hafnarfjarðarmeistari en þrír leikir mótsins enduðu með jafntefli.

## FH KEPPIR VIÐ HC DUKLA PRAHA Í EVRÓPUKEPPNI

FH tekur þátt í Evrópukeppni karla og mætir í fyrsta leik HC Dukla Praha frá Tékklandi ytra á sunnudaginn. Síðari leikurinn verður í Kaplakrika laugardaginn 9. september kl. 17.

Ágúst Birgisson t.h. skoraði eitt mark í leiknum gegn Haukum.

Þórarinn Leví Traustason fékk þarna óblíðar móttökur en hann skoraði 3 mörk fyrir Hauka.



Ljóm.: Vignir Guðnason



Ljóm.: Vignir Guðnason

Ásbjörn Friðriksson skorar eitt af þremur mörkum sínum.



Ljóm.: Vignir Guðnason

Þjörgvin Páll Gústavsson stóð sig vel í marki Hauka en tókst þarna ekki að verja.



# Opið hús í St. Jósefsspítala

## Hugmyndir óskast um starfsemi í almannajónustu

Hafnirfirðingum er boðið að koma á opið hús St. Jósefsspítala, Suðurgötu 41 á laugardaginn kl. 13-15. Mæting er í gömlu kapellunni.

Boðið verður upp á stutta leiðsögn um húsið, en einnig verður hægt að kynna sér sögu þess yfir kaffisopa. Er þess vænst að sem flestir sendi inn tillögur að því hvernig þeir sjá fyrir sér framtíðarnot hússins en Hafnarfjarðarbær eignaðist húsið að fullu með þeim skilyrðum að þar verði starfrækt almannajónusta.

Hægt verður að skila inn tillögum á opnu húsi á laugardaginn en hægt er að senda inn tillögur í gegnum vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar fram til 15. september. Í október mun starfshópur um framtíðarnot St. Jósefsspítala skila af sér tillögum um framtíðarnot húsnæðisins til bæjaryfirvalda.

## BYGGINGASAGAN

Spítalinn er byggður í þremur megin áföngum. Fyrsti áfangi var byggður árið 1926 og var það húsameistari ríkisins Guðjón Samúelsson sem teiknaði spítalann. Árið 1954 var spítalinn stækkaður til norðurs og byggt yfir kapelluna. Aftur var húsið stækkað og byggð ný álma til suðurs

árið 1973, sem lokið var við nokkru síðar. Þar voru m.a. útbúnar nýjar skurðstofur og íbúð fyrir nunnurnar á efri hæðum, en nunnur St. Jósefs-reglunnar, sem stofnuðu spítalann, sinntu hvoru tveggja, heilsugæslu og hjúkrun í spítalanum sjálfum og ráku skóla fyrir börn handan götunnar allt frá 1938. Það er því óhætt að segja að bæði spítalinn og starfsemi hans hafi verið í stöðugri þróun og ber húsið þess glöggvitni. Hægt er að greina ólíka tíma m.a. í innréttingum þrátt fyrir að reynt hafi verið að aðlaga viðbyggingar að upphaflegu útliti byggingarinnar.

## HOLLVINARSAMTÖKIN VILJA HEILBRIGÐISTENGD STARFSEMI

Hollvinsamtök St. Jósefsspítala hafa frá stofnun samtakanna í maí 2014 barist fyrir því að heilbrigðisstarfsemi verði endurreist í St. Jósefsspítala. Hafnirfirðingum og öðrum til hagsbóta. Segja þau þörfina fyrir heilbrigðistengda starfsemi vera mjög brýna og segja að St. Jósefsspítali hafi verið byggður til þess að sinna slíkri starfsemi.

Hvetja samtökin íbúa til að mæta á laugardag og senda inn sínar hugmyndir um heilbrigðistengda starfsemi,

# Ung Nordisk Musik tónlistarhátíðin

## Þrjú tónskáld hafa numið í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Tónlistarhátíðin Ung Nordisk Musik var haldin í Reykjavík 14.-19. ágúst sl. þar sem ungir tónsmíðir af Norðurlöndunum komu saman. Yfirskrift hátíðarinnar var Music and Space og tóku 40 tónskáld þátt 8 frá hverju Norðurlandanna, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Sjú tónleikar voru haldnir og auk tveggja fyrirlestra á vegum tónskáldanna Önnu Þorvaldsdóttur og Raviv Ganschrow.

Hátíðin hefur verið haldin frá árinu 1946 og að þessu sinni var hún haldin í

samvinnu við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Tónskáldin frá Íslandi voru: Bára Gísladóttir, Finnur Karlsson, Halldór Smáráson, Ingibjörg Friðriksdóttir, Pétur Eggertsson, Sigrún Jónsdóttir og Sigurður Árni Jónsson. Þrjú þeirra hafa tengsl við Hafnarfjörð.

Bára Gísladóttir nam kontrabassaleik í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá Jóni Rafnssyni og fór síðan í Listaháskóla Íslands. Hún er kontrabassaleikari og tónskáld og stundar nú tónlistarnám í Danmörku.



## Styrkur Tónlistarsjóðs Rótarý

Tónlistarsjóður Rótarý á Íslandi auglýsir eftir styrkumsóknum. Sjóðurinn veitir ungu fólki, sem skarað hefur fram úr á einhverju sviði tónlistar og stefna á að gera tónlist að meginstarfi, viðurkenningu í formi fjárstyrks til frekara náms.

Styrkurinn verður veittur í janúar 2018 og er að upphæð **kr. 800.000.**

Umsóknarfrestur er til **8. október n.k.**

Umsóknum skal skilað til skrifstofu Rótarý á Íslandi, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík.

rotary@rotary.is

Sjá nánar á **www.rotary.is**



Bára Gísladóttir



Sigrún Jónsdóttir



Sigurður Árni Jónsson.

Á hátíðinni var flutt verk Báru, Suzuki Baleno, fyrir sópranródd, þverflautu, klarinett, slagverk og fiðlu.

Björk Nielsdóttir, einnig úr Hafnarfjörð, söng í verkinu.

Sigrún Jónsdóttir lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar í klarinettuleik 2010 þar sem Ármann Helgason var kennari hennar. Hún er tónskáld, söngvari og leikur á ýms hljóðfæri m.a. klarinett og básúnu. Hún hefur leikið með ýmsum hljómsveitum meðal annars Björk, SigurRós og Florence and The Machine á

hljómleikaferðum þeirra. Hún lagði stund á tónsmíðar við Listaháskólann Íslands með áherslu á ráftónlist en hefur smátt og smátt verið að breyta til.

Á hátíðinni var flutt verk Sigrúnar, Fluctuations – Through air, light and time, fyrir fiðlu, slagverk og rafmagn.

Sigurður Árni Jónsson byrjaði í gítarleik 1996 í Vestmannaeyjum, en ári seinna flutti hann til Hafnarfjarðar og lauk prófi í gítarleik frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar 2012. Kennari hans þar lengst af var Þröstur Þorbjörnsson sem hélt honum við efnið. Leið hans lá síðan í Listaháskóla Íslands þar sem hann lærði tónsmíðar hjá Hildigunni Rúnarsdóttur og Tryggva M. Baldvinsson og kórstjórn hjá Magnúsi Ragnarssyni og hljómsveitarstjórn hjá Gunnsteini Ólafssyni. Hann er nú í mastersnámi í tónsmíðum í Gautaborg. Sigurður semur bæði kórverk og einleiksverk auk kammer- og hljómsveitarverka.

Á hátíðinni var flutt verk Sigurðar Árna, I am a Desk, fyrir píanó.

Til gamans má geta að Bára og Sigrún eiga báðar foreldri sem kennir eða hefur kennt við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.



# Múrbúðin ekki að byggja

En gæti hugsanlega opnað verslun í Hafnarfirði



Áhugi á lóðum undir atvinnuhúsnæði hefur aukist verulega undanfarið.

Að Selhelli 6 eru stórvirkar vinnuvélar notaðar við að undirbúa lóð undir byggingu. Unnið er snyrtilega og mönnum greinilega umhugað um að skemma ekki hraunið meira en þörf krefur.

Þær sögur hafa gengið að þarna sé Múrbúðin að byggja en það er ekki svo að sögn Páls Ólafssonar framkvæmdastjóra Múrbúðarinnar. Segir hann að félag sem að visu tengist Múrbúðinni sé að byggja en algjörlega sjálfstætt félag og óráðið hvað verður í húsinu.

Hins vegar segir Páll í samtali við Fjarðarfréttir að það sé áhugaverður kostur að opna verslun í Hafnarfirði og ekki sist á þessum stað. Aðspurður segir hann að það verði skoðað og þess verði ekki mjög langt að bíða að ákvörðun verði tekin. Sú ákvörðun byggist einnig á því hvort viðunandi samningar við félagið sem á húsnæðið takist.

Páll segir þetta áhugavert svæði enda mikil uppbygging eftir á svæðinu.

# Penninn bauð lægst

Munaði 65% á hæsta og lægsta tilboði

Eftir að Hafnarfjarðarbær ákvað að leggja til ritföng í grunnskólum bæjarins var sett í gang örutboð hjá Ríkiskaupum í lok júlí. Útbúinn var listi yfir ritföng og magn sem væri viðmið í tilboði og bárust þrjú tilboð:

<i>Penninn</i>	19.492.135 kr.	100,0%
<i>Egilsson A4</i>	21.491.786 kr.	110,3%
<i>Rekstrarvörur</i>	32.081.614 kr.	164,6%

Úthlutað hafði verið 20 milljónum kr. til verksins og hafa þegar verið keypt

ritföng fyrir rúmar 14 milljónir kr. Þá voru eftir ákveðnar vörur sem skólar töldu sig þurfa, dýrari vörur, mismunandi eftir skólum. Því er gert ráð fyrir að eftirstöðvar fjármagnsins, um 6 milljónir, deilist á skólana eftir nemendafjölda sem gerir um 1.500 kr. á nemanda til að mæta séróskum skóla t.d. trébox á borð, litastandar, heymartól, flóknir vasareiknar og sólarrafhlöðuvasareiknar.

# Söguganga um Hvaleyri

Byggðasafnið stendur fyrir göngu í kvöld kl. 20

Byggðasafn Hafnarfjarðar, í samvinnu við Golfklúbbinn Keili, stendur fyrir sögu- og minjagöngu um Hval-

eyrina. Gangan hefst við Golfskálann kl. 20.



Hvaleyrar var fyrst getið í Landnámu og er líkleg eitt elsta örnefni á Íslandi.

# Nýtt sundtímabil hefst með látum 4. september!

Skráning er hafin á heimasíðu Sundfélags Hafnarfjarðar – [www.sh.is](http://www.sh.is)

Eitthvað fyrir alla:

- Sundnámskeið með foreldrum; fyrstu sundtökin (3-4 ára)
- Sundnámskeið; sundtökin og vatnið kynnt fyrir krökkunum (4-6 ára)
- Sundkennsla; áframhaldandi bæting á tækni og sundi „Stjórn á vatninu“
- Sundæfingar yngri (8-16 ára)
- Sundæfingar eldri (16 ára og eldri)

Æfingastaðir: Sundhöll, Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug



**Skriðsundnámskeið fyrir fullorðna**

**RioTinto**  
styrkir barna- og unglíngastarf SH

Endurskráning eldri hópa fer einnig fram á [www.sh.is](http://www.sh.is)

Sundfélag Hafnarfjarðar • [sh@sh.is](mailto:sh@sh.is) • [www.sh.is](http://www.sh.is) • 555 6830





## Flensborgarhöfn skartar sínu fegursta

Ljóm: Guðni Grísson



## Vandaður tælenskur matur



**Tuk Tuk Thai er frábær tælenskur staður í hjarta Hafnarfjarðar sem býður gómsætan mat á góðu verði.**

Þú getur þú sest niður í notalegu umhverfi og pantað mat af fjölbreyttum matseðli eða valið tilbúna rétti úr hitaborði. Hægt er að borða á staðnum eða taka með sér heim.



**Við tökum á móti stórum sem smáum hópum.**

Opið mán.-lau. 11:30–21:00  
sun. 16:00–21:00

Fjarðargata 19  
220 Hafnarfirði

Sími: 519 8888  
www.tuktukthai.is

**Tuk Tuk**  
thai



# Vilja Óla Runs túnið sem útivistarsvæði í samræmi við gildandi aðalskipulag

Hafna enn einni atlögu að túninu og vilja ekki að þar verði byggt

Fjórir íbúar við Lindarhvamms og Brekkuhvamms hafa ritað umhverfis- og framkvæmdaráði bréf þar sem þeir óska eftir því að ráðist verði í framkvæmdir á túninu í samræmi við aðalskipulag sem samþykkt var 1. maí 2014 og gildir til 2025.

„Með því var haldið áfram með stefnumótun bæjarins sem ákveðin var með deiliskipulagi fyrir hverfið, auk túnsins, á fundi bæjarstjórnar þann 30. júní 2003. Það deiliskipulag var sett í kjölfar tilraunar til að byggja á túninu, en þær fyrirætlanir mættu miklum mótmælum íbúum bæjarins og ákveðið var í kjölfarið að skipuleggja frí-stundasvæði á túninu með fyrrgreindu deiliskipulagi,“ eins og íbúarnir benda á í bréfinu.

Undrast þau að enn eina ferðina sé ætlunin að taka eitt af grænum svæðum

bæjarins undir byggð í stað þess að varðveita grænu svæðin og standa við það skipulag sem sett hefur verið. Benda þau á að í greinargerð með aðalskipulaginu segi m.a.: „Við þéttingu byggðar skal gætt að ekki verði gengið á nauðsynleg eða ómetanleg útivistarsvæði og óspillta náttúru.“ Óla Runs túnið, sem kennt er við Ólaf Runólfsson fjárbónda eigi sér langa sögu en þetta var síðasta túnið sem heyjað var upp á gamla máttann þar sem hestur dró sláttuvélina og rakstrartæki en túnið hefur verið frá um 1960 einnig vinsæll staður fyrir leiki, fótbolta, hlaup og fleiri íþróttir. Ekkert hefur verið gert til að gera túnið að almenningsgarði, trjám hefur ekki verið plantað, engir stígar hafa verið gerðir né bekkir settir á túnið og hafa íbúarnir ýmsar hugmyndir um hvað hafa mætti á túninu.



## ÚR EINU RÁÐI Í ANNAD

Að ráði formanns skipulags- og byggingarráðs var erindið sent umhverfis- og framkvæmdaráði því

skipulagsmál túnsins væru ekki í formlegri umræðu innan ráðsins.

Þar var málið kynnt en fékk enga afgreiðslu en degi síðar var málið einnig tekið upp í skipulags- og byggingarráði en þangað hafði hópurinn ekki sent erindið og segja íbúarnir undarlegt að því hafi verið vísað til ráðsins án þess að það komi fram í fundargerð. Hafa þau óskað eftir skýringum og svörum við því hvernig málið verði tekið fyrir.

## FACEBOOKHÓPUR

Stofnaður hefur verið Facebook hópur, Óla Runn tún þar sem áhugasamir geta tjáð skoðun sína. Þar hafa fjölmargir lagt fram hugmyndir en einnig má minna á að hugmynda-samkeppni var um nýtingu túnsins árið 2008.



Óla Runs túnið liggur á mörkum Lindarhvamms og Brekkuhvamms. Græna svæðið ofarlega á myndinni.

Lýsem: Guðni Gíslason

# OPIÐ HÚS Í ST. JÓSEFSSPÍTALA LAUGARDAGINN 2. SEPTEMBER KL. 13-15

Boðið verður upp á leiðsögn um húsnæðið og gestum gefst kostur á að koma á framfæri sínum hugmyndum um framtíð húsnæðisins. Hafnirðingar og annað áhugafólk er hvatt til að koma og kynna sér þetta sögufræga hús og senda inn tillögur um framtíðarstarfsemi í húsinu.

Nánari upplýsingar á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)





## SMÁUGLÝSINGAR

## Til sölu

**Nytjamarcaður að Eyrartröð 5.**  
Fóstudaga, laugardaga og sunnudaga.  
Opíð kl. 13-18

## Þjónusta

**Garðsláttur í einum grænum.**  
Tek að mér garðslátt og önnur smáverk.  
Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Bílaþrif. Kem og sæki.** Bón verndar bílinn. Urvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**  
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265  
sigill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

## smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is  
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.  
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is)

# Fasteignamat íbúða hækkar um 17,2% í Hafnarfirði

Verðmæti fasteigna í Hafnarfirði 569 milljarðar króna

Fasteignamat hækkar að meðaltali um 13,8% á landinu öllu en í Hafnarfirði hækkar matið um 14,8% sem er órlítið meira en almennt á höfuðborgarsvæðinu.

## 65,2% HÆKKUN Á FRÍSTUNDAHÚSUM

Langmest hækkar fasteignamat á frístundahúsum í Hafnarfirði eða um 65,2%.

Fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar um 17,2%, á sérbyli um 17,4% en í fjölbyli um 17,0%.

Hækkun fasteignamats atvinnuhúsnæðis hækkar hinsvegar aðeins um 9,1%.

## 67% ÍBÚÐA Í SÉRBYLI

Alls eru 3.333 íbúðir í hafnarfirði, 2.241 sérbyli og 1.092 fjölbyli. Metnar eignir í Hafnarfirði eru 5,285 en af því eru 893 óbyggðar lóðir og lönd og 61 jörð.

## HÆKKAR MEST Á HVALEYRARHOLTI

Það vekur athygli að fasteignamat íbúðarhúsnæðis hækkar mest á Hvaleyrarholti eða um 18,8%, á Völlum um 18,4% og 16,9% í Áslandi. Matið hækkar um 16,3% í Setbergi og 14,9% á svæði sem skilgreint er sem Flensborg sem mun vera Norðurbær, Vesturbær, Miðbær og Hraunin.



Ljóm.: Guðni Gleason

## FJARÐAR fréttir



Smelltu á  
LIKE

og skoðuðu myndir  
á Facebook síðu  
Fjarðarfrétta

## FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á  
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

## ÍÞRÓTTA FRÉTTASKOT

á  
sport@fjardarfrettir.is



Nýjustu fjölbýlishúsin við Kirkjuvelli

Ljóm.: Guðni Gleason



# Á DÖFINNI

## Opið í Sveinssafni

Sýning Sveinssafns „Móðir Jörð og Steinninn ég“ verður opin **á sunnudag kl. 13-17.30**. Þetta er 8. sýning safnsins í Sveinshúsi í Krýsuvík og jafnframt afmællissýning því nú eru liðin 20 ár frá því að Sveinssafn var stofnað í kjölfar andláts listamannsins árið 1997.

Sýningin tekur til meðferðar hina heilögu konu, listagyðjuna eða Móðir Jarðar tilbrigðið við Krýsuvíkurdönnuna. Móðir jörð liggur í landinu með græðling í fangi sér en stundum fisk eða fugl, allt mikilvæg myndstef í listheimi Sveins Björnssonar.

Annað viðfangsefni sýningarinnar eru sjálfsmyndir listamannsins.

Alls eru sýndar 52 myndir, þar af 12 eftirprentanir upp úr teiknibókum Sveins en nú gerist það í fyrsta sinn að sýningargestum er gefin innsýn í leyndardóm teiknibókanna. Teiknibækur árána 1981 – 82 og 1985 – 93 eru lykkillinn að inntaki sýningarinnar.

## Nýtt í Hafnarborg

Tvær sýningar standa nú yfir í Hafnarborg. Það eru sýningar „Málverk – ekki miðill“ í aðalsal safnsins sem samanstendur af verkum níu listamanna og sýningin „Erindi“, innsetning Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur í Sverrissal.

Sendið tilkynningar um viðburði á [fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)

## Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

**Ársæll Steinmóðsson**  
aðstoðarmaður fasteignasala

**RE/MAX**

sími 896 6076  
as@remax.is

**FJÖRDUR**



Ársæll Steinmóðsson  
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson  
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

## Sótt um að fjölga hjúkrunar- rýmum um allt að 33

Ráðuneyti hefur hingað til neitað!

Velferðarráðuneytið hefur svarað erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 12. júlí sl. um fjölgun hjúkrunarrýma á Sólvangi um 22-33 og að ráðuneytið tryggji a.m.k. 22 ný hjúkrunarrými í Hafnarfirði.

Í svari ráðuneytisins er staðfest þörf á fjölgun hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu en segir ýmsa óvissuþætti varðandi fjölgun rýma á Sólvangi, m.a. sem snýr að fjármögnun og útfærslu verkefnisins eins og það sé kynnt í bréfi bæjarins. Segir í niðurlagi bréfsins: „Ráðuneytið er tilbúið að skoða möguleika á fjölgun hjúkrunarrýma á hjúkrunarheimilinu þegar greitt hefur verið úr helstu óvissuþáttum.“

Nýtt hjúkrunarheimili sem nú er í byggingu mun ekki fjölga hjúkrunar-

rýmum heldur verða þeir sem eru nú á Sólvangi fluttir yfir í nýja heimilið og ráðuneytið hefur hingað til ekki gert ráð fyrir að nýta eldra húsnæðið áfram enda uppfyllir það ekki nútíma kröfur og hefur ekki ljáð máls á því að húsnæðið verði endurbætt og hjúkrunarrýmum þar fjölgað.

Alls verða þrjár umsóknir sendar til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sótt verður um fé til að breyta húsnæðinu í hjúkrunarrými, til að bjóða upp á dagdvöl og fyrir að útbúa þar þjónustumiðstöð. Þá hefur Framkvæmdasjóðnum verið sent bréf þar sem sýnt er fram á að á árunum 2008-2016 hafi aðeins um 13,6% af framlögum Hafnfirðinga í sjóðinn skilað sér til Hafnarfjarðar.

# ÍÞRÓTTIR

## Fótbolti:

**31. ágúst kl. 17.45, Kaplakriki**  
FH - KR, úrvalsdeild karla

**31. ágúst kl. 19.15, Ásvellir**  
Haukar - Leiknir R., 1. deild karla

31. ágúst kl. 20, Stjörnuvöllur  
Stjarnan - FH, úrvalsdeild kvenna

**6. sept. kl. 17.30, Kaplakriki**  
FH - Grindavík, úrvalsdeild kvenna

6. sept. kl. 19.15, Valsvöllur  
Valur - Haukar, úrvalsdeild kvenna.

## ÚRSPLIT KVENNA:

Breiðablik - Haukar: 7-2

## ÚRSPLIT KARLA:

Stjarnan - FH: 1-1

HK - Haukar: 2-0

Braga - FH: 3-2

Haukar - Fylkir: (miðv.dag)

## Handbolti:

### ÚRSPLIT KARLA:

FH - Haukar: 25-25

Afturelding - Valur: ekki leikinn

FH - Valur: 32-28

Haukar - Afturelding:

FH - Afturelding: 30-30

Haukar - Valur: 21-21

FH varð Hafnarfjarðarmeistari í handbolta 2017.

# Allir í dans

**Kennsla hefst mánudaginn 4.sept.**

## Street Jazz

Rosa stuð fyrir 7 - 10 ára & 11 - 15 ára. Kennt 2x í viku.

## Samkvæmisdansar

Barna- og unglingahópar

Hjóna- og keppnishópar

Byrjendur og framhald

## Keppnishópar

í samkvæmisdönsum

## Break - Hip Hop

Kennt 2x í viku

## Salsa

Hjóna- og einstaklingshópar

## Jazzleikskólinn

3. - 4. ára. Frábærir tímar fyrir þau yngstu

16 vikna námskeið

Innritun á [www.dih.is](http://www.dih.is)  
sími: 861-6522

## Kennslustaðir:

Haukahraun 1 og Íþróttahús Setbergsskóla, 220 Hafnarf.



Dansíþróttafélag  
Hafnarfjarðar

Haukahraun 1 - Hafnarfirði - [www.dih.is](http://www.dih.is) - [dihdans@simnet.is](mailto:dihdans@simnet.is)





**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

**Flatahrauni 5a**

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði sími 578 0200

**Jónatan nýr formaður Skógræktarfélags Íslands**

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands nú um helgina í Stórutjarnarskóla í Þingeyjarveit var Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar kjörinn formaður. Tekur hann við af öðrum Hafnfirðingi, Magnúsi Gunnarssyni sem gegnt hefur formennsku undanfarin ár.



*Veisla fyrir vinnustadinn*  
*Sólskin í glasi og sælkerasamlökur*  
 veisla@lemon.is  
*Lemon*

Hönnun & umbrot



**HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.**

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

**Vel heppnuð tónlistarhátíð**

Hjarta Hafnarfjarðar er komin til að vera og stemmningin var gríðarlega góð

Bæjarbíó stóð fyrir glæsilegri tónlistar- og bæjarhátíð, Hjarta Hafnarfjarðar sl. fimmtudag til laugardags.

Hún hófst með nostalgítónleikum Bjartmars Guðlaugssonar sem engan sveik og tónleikum aðalpoppara Hafnarfjarðar, Björgvins Halldórssonar og hljómsveitar en hann kann heldur betur við sig í Bæjarbíói og kanna að heilla óheyrendur þar. Síðan komu hverjir snillingarnir á eftir öðrum fram á laugardag; Valdimar, Jón Jónsson, Moses Hightower, Danny and the Veetos, Kyriama Family, Dúkkulísur, Ceasetone, Friðrik Dór, Lára Rúnars, Amabadama og Jónas Sig og ritvélur framtíðarinnar.

Björgvin Halldórsson



Jón Jónsson



Friðrik Dór



Bjartmar Guðlaugsson



Segir Páll Eyjólfsson hátíðina hafa heppnast mjög vel, þátttaka hafi verið mjög góð, fullt fimmtudag og laugar-

dag og gríðarleg stemmning. „Hátíðin er komin til með að vera og mun bara stækka,“ segir Páll ánægður.

**Rat leikur**  
 Hafnarfjarðar  
 Sumarið 2017

**Þú getur enn tekið þátt!**

Markmiðið með leiknum er að hvetja til útivistar og náttúruskoðunar í fjölbreyttu landi upplands Hafnarfjarðar og um leið að vekja athygli á þeim fjölmörgu perlum sem leynast í okkar næsta nágrenni.

Stendur til 25. september

